



## **Reglur Vestmannaeyjabæjar um niðurgreiðslur v/dagvistunar í heimahúsum**

### **1. gr**

Vestmannaeyjabær samþykkir niðurgreiðslur til barna sem eru í dagvistun í heimahúsum og eru á biðlista eftir leikskólaplássi.

### **2. gr**

Niðurgreiðslan nær til barna frá 9 mánaða aldri (6 mánaða aldri hjá einstæðum foreldrum) og skulu barnið og forráðamenn þess hafa lögheimili og búsetu í Vestmannaeyjum. Hægt er að sækja um niðurgreiðslu fyrir börn yngri en 9 mánaða (lágmarksaldur 6 mánaða) ef viðkomandi dagforeldri hefur starfað að lágmarki í tvö ár og verið með yfir 60% nýtingu plássna að jafnaði. Inntaka skal ávallt taka mið að aldri barna, þ.e. eldri börn og forgangshópar ganga fyrir dagvistunarplássi hverju sinni.

### **3. gr**

Sækja skal um niðurgreiðslu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins [www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is) eða í þjónustuveri Ráðhússins og skal skila þangað. Móttaka umsókna og afgreiðsla er í þjónustuveri Ráðhússins. Umsókn er aldrei afturvirk.

### **4. gr**

Dagforeldri skal hafa leyfi Vestmannaeyjabæjar til daggæslu skv. ákvæðum reglugerðar um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005.

### **5. gr**

Niðurgreiðsla eru veitt frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er móttækin ef barnið hefur náð aldri til úthlutunar og umsókn um leikskólavist liggur fyrir.

### **6. gr**

Niðurgreiðsla fyrir mánaðarklukkustund er 8.667 kr fyrir foreldra í sambúð og 9.967 kr fyrir einstæða foreldra. Miðað er við að greitt sé fyrir 7,5 mánaðarklukkustundir að hámarki.

### **7. gr**

Niðurgreiðsla er greidd eftir á og greiðist til dagforeldrisins skv. undirrituðum vistunarsamningi. Dagforeldri skilar jafnframt mánaðarlista og greiðsluseðli, staðfestum af forráðamanni, í þjónustuver Ráðhússins mánaðarlega.

### **8. gr**

Niðurgreiðsla fæst að hámarki greidd í 11 mánuði á ári og fellur niður þegar barn fær boð um leikskólavist í leikskólum Vestmannaeyjabæjar hvort sem leikskólavist er þegin eða henni hafnað.

### **9. gr**

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Vestmannaeyjabæ fá ekki samþykktar niðurgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd. Verði um ofgreiðslur að ræða á niðurgreiðslum vegna daggæslu í heimahúsum áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til niðurgreiðslna, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

*Reglur þessar taka gildi 1. apríl 2020*

*Samþykkt í fræðsluráði 11. mars 2020 og staðfest í bæjarstjórn Vestmannaeyja 23. mars 2020.*